

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Stjórn ÍBR

Í upphafi árs 2024 leitaði Ungmennafélagið Fjölirnir til Íþróttabandalags Reykjavíkur og Menningar og íþróttasviðs vegna fjármála félagsins.

Í maí 2024 var skipaður verkefnahópur af ÍBR og MÍR, með sérstöku erindisbréfi, til að rýna öll fjármál félagsins og deilda þess. Vinnuhópnum var ætlað að gera tillögur til útbóta svo hægt væri að að takast á við ástandið strax og til lengri tíma. Hópurinn hefur síðustu mánuði unnið að öflun gagna hjá félaginu og farið yfir stöðu fjármála félagsins 2024 og fyrir árið 2025. Samhliða hefur verið unnið að ýmsum úrbótum varðandi fjármál og bókhald félagsins.

Helstu niðurstöður þessarar vinnu eru eftirfarandi:

- Fjölirnir hefur lagt fram drög að uppgjöri og útkomuspá vegna ársins.
- Fjölirnir hefur lagt fram fjárhagsáætlun allra deilda og aðalstjórnar félagsins fyrir 2025.
- Fjölirnir hefur unnið að uppgjöri við skuldunauta félagsins og mun á næstu vikum vinna að áframhaldi greiðslu skulda. Fyrir liggur yfirlit um skuldir félagsins.
- Félagið vinnur að áætlunum um aðgerðir til að lækka útgjöld hjá þeim deildum þar sem reksturinn hefur verið erfiðastur árin 2023 og 2024.
- Félagið vinnur að sérstöku hagræðingaraðgerðum í rekstri deilda og aðalstjórnar.
- Fjármál deilda í boltagreinum er aðskilið á milli barna og unglिंगastarfs og afreksstarfs meistaraflokka.
- Sérstök áhersla hefur verið lögð á að barna og unglिंगastarf félagsins haldist óbreytt.
- MÍR hefur gert samkomulag við Heima vegna æfingatíma í fjölnotahúsi við Egilshöll sem tekur mið af því að fækka æfingatímum í viku hverri og fækka vikum vegna viðbótarsamkomulags við samning um notkun á íþróttahúsinu. Fjölirnir hefur fallist á þessar tillögur. Fækkun á þessum tímum mun ekki hafa áhrif á æfingar í barna- og unglिंगastarfi félagsins.
- Sérstök greiðsluáætlun vegna styrkja ÍBR til Fjölnis og vegna uppgjörsmála verður gerð milli Fjölnis, MÍR og ÍBR vegna ársins 2025.
- Fjölirnir, MÍR og ÍBR munu áfram vinna saman að verkefnum tengdum fjármálum félagsins. Fjölirnir mun á árinu 2025 skila MÍR og ÍBR 3,6 og 9 mánaða uppgjöri. Samráðsfundur milli aðila verða haldnir við uppgjör þessi.
- Unnið hefur verið með formanni og framkvæmdastjórum Fjölnis að öflun ýmissra gagna varðandi stöðu fjármála félagsins og þá hafa starfsmenn á fjármálaskrifstofu MÍR unnið að frekari greiningu.
- Fundað hefur verið með formanni Fjölnis, stjórn Fjölnis, framkvæmdastjórum Fjölnis og yfirstjórn MÍR.
- Félagið gerir ráð fyrir að reksturinn verði í jafnvægi árið 2025.
- Fjármál félagsins í heild horfa nú til betri vegar frá því sem var þegar þessi vinna hófst.
- Stjórn Fjölnis hefur sent MÍR og ÍBR bréf dagsett 11. desember 2024 með yfirlýsingu um rekstrarhæfni félagsins.

---

Andrés B Andreassen

---

Frímánn A Ferdinandsson

---

Ómar Einarsson